

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 219/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Ragnari Erni Eiríkssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum næsta dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 21. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Ragnari Erni Eiríkssyni, kt. 090560-5819, Bergþórugötu 15 A, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hans. Kærði er grunaður um brot gegn 155. gr., 248. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði mótmælir kröfunni, en til vara krefst hann þess, verði hún tekin til greina, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins er vísað til þess, að kærði sé vanaafbrotamaður og eigi að baki langan brotaferil. Er í því sambandi m. a. vísað til sakavottorðs kærða. Kærði hefur svo til samfelldan sakaferil frá 1977 til 1992, einkum fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og oftsinnis á því tímabili hlotið fangelsisrefsingu. Í gær gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærða fyrir fjársvika- og skjalafalsbrot, fjársvikin að mestu framin frá því í ágúst 1994 og fram í febrúar sl., og eru tékkar, sem kærði er sakaður um að hafa notað í viðskiptum, rúmlega 70 talsins. Þá er kærða einnig gefið að sök að hafa í júní 1993 notað nokkra falsaða tékka í viðskiptum.

Samkvæmt framansögðu leikur ekki vafi á, að kærði er vanaafbrotamaður. Má ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan málum hans er ólokið. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. ágúst nk. kl. 16.00 eða þar til dómur hefur verið kveðinn upp í málum hans.
